

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/46/EB

2006/EES/30/31

frá 10. júní 2002

## um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sífellt fleiri vörur, sem innihalda þykkt næringargjafa og eru kynntar sem viðbót við næringarefni sem fást úr venjulegri fæðu, eru markaðssettar í Bandalaginu sem matvæli.
- 2) Innlendar reglur, sem gilda um þessar vörur, eru mismunandi í aðildarríkjunum og geta hindrað frjálsan flutning þeirra, leitt til ójafna samkeppnisskilyrða og þar með haft bein áhrif á starfsemi innri markaðarins. Því er nauðsynlegt að samþykkja Bandalagsreglur um þessar vörur sem eru markaðssettar sem matvæli.
- 3) Í fullnægjandi og fjölbreyttri fæðu, við eðlilegar aðstæður, eru öll þau næringarefni sem eru nauðsynleg eðlilegum þroska og til að viðhalda heilbrigði í því magni sem er ákvarðað og mælt með á grundvelli viðurkenndra vísindarannsókna. Kannanir benda þó til þess að ekki búi allir þjóðfélagshópar í Bandalaginu við þessar kjöraðstæður að því er varðar öll næringarefni.
- 4) Neytendur geta valið að bæta fæðubótarefnum við neyslu sína á tilteknum næringarefnum vegna tiltekinna lífshátta sinna eða af öðrum ástæðum.
- 5) Til þess að tryggja neytendum viðtæka vernd og auðvelda val þeirra skulu vörur, sem settar eru á markað, vera öruggar og merktar á fullnægjandi og viðeigandi hátt.
- 6) Í fæðubótarefnum kunna að vera margvísleg næringarefni og önnur innihaldsefni, þ.m.t. vítamín, steinefni, aminosýrur, lífsnauðsynlegar fitusýrur, trefjar og margs konar plöntu- og jurtaútdráttur en þó ekki eingöngu þessi efni.
- 7) Í þessari tilskipun er rétt, til að byrja með, að mæla fyrir um sérstakar reglur um vítamín og steinefni sem eru notuð sem innihaldsefni í fæðubótarefnum. Fæðubótarefni, sem innihalda vítamín eða steinefni auk annarra innihaldsefna, skulu vera í samræmi við sérstakar reglur um vítamín og steinefni sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
- 8) Síðar skal mæla fyrir um sértækar reglur varðandi önnur næringarefni en vítamín og steinefni eða önnur efni, sem hafa næringar- eða lífeðlisfræðileg áhrif, sem eru notuð í fæðubótarefni, að því tilskildu að fullnægjandi og viðeigandi niðurstöður vísindarannsókna liggja fyrir. Þar til samþykktar hafa verið sérstakar Bandalagsreglur með fyrirvara um ákvæði sáttmálans, gilda innlendar reglur um næringarefni eða önnur efni, sem hafa næringar- eða lífefnafræðileg áhrif, sem eru notuð í fæðubótarefni, en sérstakar Bandalagsreglur þar að lútandi hafa ekki verið samþykktar.
- 9) Það er mikilvægt að fæðubótarefni innihaldi einungis vítamín og steinefni, sem að öllu jöfnu fyrirfinnast í og er neytt með fæðu jafnvel þótt það merki ekki að þau séu nauðsynleg innihaldsefni. Forðast skal að upp komi ósamkomulag þess efnis að vafi leiki á því um hvaða næringarefni er að ræða. Því er rétt að samin verði jákvæð skrá yfir þessi vítamín og steinefni.
- 10) Vísindanefnd um matvæli hefur ekki metið margar vítamínblöndur og steinefni sem eru notuð við framleiðslu fæðubótarefna sem sett hafa verið á markað í nokkrum aðildarríkjum og eru þau af þeim sökum ekki talin upp í jákvæðu skránum. Þau skal leggja fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til bráðamats um leið og hagsmunaaðilar afhenda viðeigandi skrár.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2004 frá 19. mars 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 22, 29.4.2004, bls. 6.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 311 E, 31.10.2000, bls. 207 og C 180 E, 26.6.2001, bls. 248.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 14, 16.1.2001, bls. 42.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 14. febrúar 2001 (Stjtið. EB C 276, 1.10.2001, bls. 126), sameiginleg afstaða ráðsins frá 3. desember 2001 (Stjtið. EB C 90 E, 16.4.2002, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. mars 2002. Ákvörðun ráðsins frá 30. maí 2002.

- 11) Íðefni, sem eru notuð sem vítamín- og steinefnagjafar við framleiðslu fæðubótarefna, skulu vera hættulaus og upptaka þeirra í líkamanum skal einnig vera auðveld. Af þessum sökum skal einnig semja jákvæða skrá yfir þessi efni. Einnig er leyfilegt að nota efni, sem vísindanefnd um matvæli hefur samþykkt á grundvelli fyrrnefndra viðmiðana til notkunar við framleiðslu matvæla fyrir ungbörn og smábörn og annars sérþæðis, við framleiðslu fæðubótarefna.
- 12) Til þess að halda í við þróun á sviði vísinda og tækni er mikilvægt að endurskoða skrárnar tafarlaust ef nauðsyn krefur. Til þess að einfalda og flýta fyrir málsmeðferðinni munu þessar endurskoðanir teljast tæknilegar framkvæmdarráðstafanir og skal vísa samþykkt þeirra til framkvæmdastjórnarinnar.
- 13) Neysla vítamína og steinefna í of stórum skömmtum getur haft skaðleg áhrif og því er nauðsynlegt að setja hámarksöryggismörk þeirra í fæðubótarefnum eftir því sem við á. Þessi mörk skulu tryggja að hefðbundin notkun varanna samkvæmt notkunarleiðbeiningum framleiðanda sé hættulaus neytandanum.
- 14) Þegar hámarksgildi eru sett ber að taka tillit til efri öryggismarka vítamína og steinefna, sem sett hafa verið í vísindalegu áhættumati sem byggist á almennt viðurkenndum vísindagögnum, og til þeirra næringarefna sem fást úr venjulegri fæðu. Einnig skal taka viðeigandi tillit til viðmiðunargildis ráðlagðrar dags-neyslu þegar hámarksgildi eru sett.
- 15) Neytendur kaupa fæðubótarefni sem nýtist til viðbótar því sem þeir fá úr fæðunni. Til þess að tryggja að þessu markmiði sé náð skulu fæðubótarefnin innihalda umtalsvert magn þeirra vítamína og steinefna sem tilgreind eru á merkimiða varanna.
- 16) Samþykkt sérstakra hámarks- og lágmarksgilda vítamína og steinefna í fæðubótarefnum, sem byggist á þeim viðmiðunum, sem settar eru fram í þessari tilskipun, og viðeigandi, vísindalegri ráðgjöf, er framkvæmdarráðstöfun og skal vísa henni til framkvæmdastjórnarinnar.
- 17) Almenn ákvæði og skilgreiningar um merkingu má finna í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjana um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla <sup>(1)</sup> og þarf ekki að endurtaka það. Þessi tilskipun skal því takmarkast við nauðsynleg viðbótarákvæði.
- 18) Tilskipun ráðsins 90/496/EBE frá 24. september 1990 um merkingu næringarinnihalds matvæla <sup>(2)</sup> gildir ekki um fæðubótarefni. Upplýsingar um næringarefnainnihald í fæðubótarefnum eru nauðsynlegar til þess að neytandinn, sem kaupir þau, geti tekið upplýsta ákvörðun og notað þau á réttan og öruggan hátt. Þessar upplýsingar skulu, með tilliti til hvers eðlis þessarar vörur eru, takmarkast við næringarefnin sem eru til staðar og vera skyldubundnar.
- 19) Vegna sérstakra eiginleika fæðubótarefna er æskilegt að eftirlitsaðilar hafi fleiri úrræði en þeim eru allajafna tiltæk í því skyni að auðvelda skilvirkt eftirlit með þessum vörum.
- 20) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(3)</sup>.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## 1. gr.

1. Þessi tilskipun fjallar um fæðubótarefni sem eru markaðssett sem matvæli og kynnt sem slík. Neytendur skulu fá þessar vörur í hendur í neytendaumbúðum.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um lyf eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83 /EB frá 6. nóvember 2001 um bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum <sup>(4)</sup>.

## 2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „fæðubótarefni“: matvæli sem eru ætluð sem viðbót við venjulegt fæði og eru þykktir næringargjafar eða annars konar efni sem hafa næringar- eða lífeðlisfræðileg áhrif, ein sér eða saman, sem eru markaðssett í formi skammta, nánar tiltekið sem hylki, brjóstsykur, töflur, pillur og í öðru svipuðu formi, duftpokar, vökvalykjur, dropaglös og í öðru svipuðu formi vökva og dufts sem er ætlað til inntöku í mældum, smáum skömmtum.

b) „næringarefni“:

i) vítamín,

ii) steinefni.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 276, 6.10.1990, bls. 40.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

## 3. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að í Bandalaginu sé aðeins heimilt að markaðssetja fæðubótarefni ef þau samræmast reglunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

## 4. gr.

1. Einungis er heimilt að nota vítamín og steinefni, sem eru skráð í I. viðauka, á því formi sem talið er upp í II. viðauka, við framleiðslu fæðubótarefna, sbr. þó 6. mgr.

2. Samþykkja skal hreinleikaskilyrði, að því er varðar efnin sem eru skráð í II. viðauka, í samræmi við málsmeðferðina sem vísað er til í 2. mgr. 13. gr., nema þegar þau gilda skv. 3. mgr.

3. Að því er varðar efnin, sem skráð eru í II. viðauka, gilda þau hreinleikaskilyrði sem löggjöf Bandalagsins setur um sömu efni þegar þau eru notuð í öðrum tilgangi en þeim sem þessi tilskipun tekur til.

4. Að því er varðar efnin, sem skráð eru í II. viðauka, sem löggjöf Bandalagsins hefur ekki sett hreinleikaskilyrði fyrir, gilda viðurkennd hreinleikaskilyrði sem alþjóðastofnanir mæla með þar til slík skilyrði verða samþykkt og er heimilt að viðhalda innlendum reglum sem setja strangari hreinleikaskilyrði.

5. Breytingar á skránum, sem um getur í 1. mgr., skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

6. Aðildarríkjunum er heimilt, fram til 31. desember 2009, að leyfa á yfirráðasvæði sínu notkun vítamína og steinefna, sem ekki eru skráð í I. viðauka, eða á formi sem ekki er skráð í II. viðauka, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að því tilskildu að:

- a) viðkomandi efni sé notað í einu eða fleiri fæðubótarefnum sem markaðssett eru í Bandalaginu á gildistökudegi þessarar tilskipunar,
- b) Matvælaöryggisstofnun Evrópu hafi ekki gefið neikvætt álit að því er varðar notkun efnisins eða notkun þess á þessu formi við framleiðslu fæðubótarefna, á grundvelli málsskjala til stuðnings notkun viðkomandi efnis sem aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 12. júlí 2005.

7. Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. er aðildarríkjunum heimilt, í samræmi við reglur sáttmálans, að beita áfram innlendum takmörkunum eða bönnum við verslun með fæðubótarefni sem innihalda vítamín og steinefni, sem eru ekki í skránni í I. viðauka, eða á formi sem er ekki skráð í II. viðauka.

8. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 12. júlí 2007, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um hvort ráðlegt sé að setja sérstakar reglur þ.m.t., ef við á, jákvæðar skrár um flokka næringarefna eða efna sem hafa næringar- eða

lífæðlisfræðileg áhrif, önnur en þau sem um getur í 1. mgr., ásamt tillögum um breytingar á þessari tilskipun sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegar.

## 5. gr.

1. Ákveða skal hámarksmagn vítamína og steinefna í fæðubótarefnum í ráðlögðum dagsskammti framleiðandans, að teknu tilliti til eftirfarandi:

- a) efri öryggismarka vítamína og steinefna, sem sett hafa verið í vísindalegu áhættumati sem byggist á almennt viðurkenndum vísindagögnum, að teknu tilliti til, ef við á, mismunandi næmis ólíkra neytendahópa,
- b) neyslu vítamína og steinefna úr annars konar fæðu.

2. Þegar hámarksgildin, sem um getur í 1. mgr., eru sett skal taka viðeigandi tillit til viðmiðunargildis ráðlagðrar dagsneyslu vítamína og steinefna fyrir íbúana.

3. Til þess að tryggja að fæðubótarefnin innihaldi umtalsvert magn vítamína og steinefna skal ákveða lágmarksmagn, að því er varðar ráðlagðan dagsskammt framleiðanda, eftir því sem við á.

4. Samþykkja skal hámarks- og lágmarksmagn vítamína og steinefna, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

## 6. gr.

1. Að því er varðar 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2000/13/EB skal það heiti, sem vörurnar, sem tilskipun þessi nær yfir, eru seldar undir, vera „fæðubótarefni“.

2. Merkingar, kynningar og auglýsingar skulu ekki eigna fæðubótarefnum þá eiginleika að fyrirbyggja, vinna á eða lækna sjúkdóma manna eða gefa í skyn slíka eiginleika.

3. Með fyrirvara um tilskipun 2000/13/EB skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í merkingum:

- a) heiti þeirra flokka næringarefna eða efna sem einkenna vöruna eða tilgreining á eðli þessara næringarefna eða efna,
- b) ráðlagður dagsskammtur,
- c) varnaðarorð um að neyta ekki stærri skammts en ráðlagðs dagsskammts,
- d) yfirlýsing þess efnis að ekki skuli neyta fæðubótarefnis í stað fjölbreyttrar fæðu,
- e) yfirlýsing þess efnis að geyma skuli vörurnar þar sem smábörn ná ekki til.

## 7. gr.

Í merkingu, kynningu og auglýsingu á fæðubótarefnum skal ekki staðhæft eða gefið í skyn að nægilegt magn næringarefna fái ekki almennt úr rétt samsettri og fjölbreyttri fæðu.

Tilgreina skal reglur um framkvæmd ákvæða þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

## 8. gr.

1. Tilgreina skal magn þeirra næringarefna eða efna, sem hafa næringar- eða lífeðlisfræðileg áhrif, í vörunni í tölugildum á merkimiðanum. Þær einingar sem nota skal fyrir vítamín og steinefni eru tilgreindar í I. viðauka.

Tilgreina skal reglur um framkvæmd ákvæða þessarar málsgreinar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

2. Uppgefið magn næringarefna eða annarra efna skal samsvara magninu sem gefið er upp sem ráðlagður dagskammtur á merkimiðanum.

3. Tilgreina skal upplýsingar um vítamín og steinefni, eftir því sem við á, sem hlutfall viðmiðunargildanna sem um getur í viðaukanum við tilskipun 90/496/EBE.

## 9. gr.

1. Uppgefna magnið, sem um getur í 1. og 2. mgr. 8. gr., skal vera meðalgildi sem byggist á vörugreiningu framleiðandans.

Ákveða skal frekari reglur um framkvæmd ákvæða þessarar málsgreinar, einkum með tilliti til mismunar sem upp kemur milli uppgefnu gildanna og þeirra gilda sem opinbert eftirlit leiðir í ljós, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

2. Einnig er heimilt að gefa upp hlutfall viðmiðunargilda fyrir vítamín og steinefni, sem um getur í 3. mgr. 8. gr., á myndrænan hátt.

Samþykkja skal reglur um framkvæmd ákvæða þessarar málsgreinar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

## 10. gr.

Til að greiða fyrir virku eftirliti með fæðubótarefnum er aðildarríkjunum heimilt að krefjast þess að framleiðandinn eða sá sem markaðssetur vöruna á yfirlýðingum þeirra tilkynni lögbæru yfirvaldi um markaðssetninguna með því að senda því eintak af merkimiðanum sem fylgir vörunni.

## 11. gr.

1. Með fyrirvara um 7. mgr. 4. gr. er aðildarríkjunum ekki heimilt að banna eða takmarka viðskipti með vörur, sem um getur í 1. gr., af ástæðum sem varða samsetningu, framleiðsluforskriftir, kynningu eða merkingu þeirra ef þær samræmast ákvæðum þessarar tilskipunar og, ef við á, gerðum Bandalagsins sem eru samþykktar til framkvæmdar þessari tilskipun.

2. Með fyrirvara um sáttmálann, einkum 28. og 30. gr., skulu ákvæði 1. mgr. ekki hafa áhrif á ákvæði landslaga sem eru í gildi þar til samþykktar hafa verið gerðir Bandalagsins til framkvæmdar þessari tilskipun.

## 12. gr.

1. Aðildarríki er heimilt, í tiltekinn tíma, að takmarka eða ógilda beitingu viðkomandi ákvæða á yfirlýðingum sínu ef það hefur rökstuddan grun um, á grundvelli nýrra upplýsinga eða endurmats á fyrirbyggjandi upplýsingum, sem fram hefur farið frá því að tilskipunin eða framkvæmdargerðir Bandalagsins voru samþykktar, að varan, sem um getur í 1. gr., sé hættuleg heilsu manna jafnvel þótt hún samræmist ákvæðum fyrrnefndrar tilskipunar eða fyrrnefndra gerða. Það skal án tafar tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þar um og rökstyðja ákvörðun sína.

2. Framkvæmdastjórnin skal kanna hið fyrsta þau rök sem viðkomandi aðildarríki leggur fram, hafa samráð við aðildarríkin innan fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra og síðan skal hún skila álitinu án tafar og gripa til viðeigandi ráðstafana.

3. Telji framkvæmdastjórnin nauðsynlegt að gera breytingar á þessari tilskipun eða á framkvæmdargerðum Bandalagsins til þess að bregðast við vandanum, sem um getur í 1. mgr., og til þess að tryggja heilsuvernd manna skal hún hefja málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 13. gr., með það að markmiði að samþykkja þessar breytingar. Aðildarríkinu, sem hefur gert varúðarráðstafanir, er í þessu tilvikum heimilt að viðhalda þeim uns breytingarnar hafa verið samþykktar.

## 13. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 178/2002<sup>(1)</sup> (hér á eftir kölluð „nefndin“).

2. Þar sem vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

*14. gr.*

Ákvæði, sem kunna að hafa áhrif á heilbrigði manna, skulu samþykkt að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu.

*15. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. júlí 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Beita ber þessum lögum og stjórnsýslufyrirmælum á þann hátt að þau:

- a) heimili viðskipti með vörur, sem samræmast ákvæðum þessarar tilskipunar, eigi síðar en 1. ágúst 2003,
- b) banni viðskipti með vörur, sem samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar, frá og með 1. ágúst 2005.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun

þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*16. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*17. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 10. júní 2002.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. PIQUÉ I CAMPS

*forseti.*

---

*I. VIÐAUKI*

**Vítamín og steinefni sem heimilt er að nota við framleiðslu fæðubótarefna**

1. Vítamín

- A-vítamín (µg RE)
- D-vítamín (µg)
- E-vítamín (mg α-TE)
- K-vítamín (µg)
- B1-vítamín (mg)
- B2-vítamín (mg)
- Níásín (mg NE)
- Pantóþensýra (mg)
- B6-vítamín (mg)
- Fólínsýra (µg)
- B12-vítamín (µg)
- Bíótín (µg)
- C-vítamín (mg)

2. Steinefni

- Kalsíum (mg)
  - Magnesium (mg)
  - Járn (mg)
  - Kopar (µg)
  - Joð (µg)
  - Sínk (mg)
  - Mangan (mg)
  - Natríum (mg)
  - Kalíum (mg)
  - Selen (µg)
  - Króm (µg)
  - Mólýbden (µg)
  - Flúoríð (mg)
  - Klóríð (mg)
  - Fosfór (mg)
-

## II. VIÐAUKI

## Vítamín- og steinefni sem heimilt er að nota við framleiðslu fæðubótarefna

## A. Vítamín

1. A-VÍTAMÍN
  - a) retínól
  - b) retínýlasetat
  - c) retínýlpalmítat
  - d) beta-karótín
2. D-VÍTAMÍN
  - a) kólekalšíferól
  - b) ergókalšíferól
3. E-VÍTAMÍN
  - a) D-alfa-tókóferól
  - b) DL-alfa-tókóferól
  - c) D-alfa-tókóferýlasetat
  - d) DL-alfa-tókóferýlasetat
  - e) D-alfa-tókóferýlsúksínsýra
4. K-VÍTAMÍN
  - a) fýllókinon (fýtómenadíon)
5. B1-VÍTAMÍN
  - a) þíamínhýdróklóríð
  - b) þíamínmónónítrat
6. B2-VÍTAMÍN
  - a) ribóflavín
  - b) natríumribóflavín-5'-fosfat
7. NÍÁSÍN
  - a) níkótínsýra
  - b) níkótínamíð
8. PANTÓÐENSÝRA
  - a) Kalsíum-D-pantóþenat
  - b) Natríum-D-pantóþenat
  - c) dexpanþenól
9. B6-VÍTAMÍN
  - a) píridoxínhýdróklóríð
  - b) píridoxín 5'-fosfat
10. FÓLÍNSÝRA
  - a) teróýlmónóglútamínsýra
11. B12-VÍTAMÍN
  - a) sýanóköbalamín
  - b) hýdroxóköbalamín

## 12. BÍÓTÍN

- a) D-bíótín

## 13. C-VÍTAMÍN

- a) L-askorbínsýra
- b) natríum L-askorbat
- c) kalsíum L-askorbat
- d) kalíum L-askorbat
- e) L-askorbýl-6-palmítat

## B. Steinefni

- kalsíumkarbónat
- kalsíumklóríð
- kalsíumsalt af sítrónusýru
- kalsíumglúkonat
- kalsíumglýserófosfat
- kalsíumlaktat
- kalsíumsölt af ortófosfórsýru
- kalsíumhýdroxíð
- kalsíumoxíð
- magnesiumasetat
- magnesiumkarbónat
- magnesiumklóríð
- magnesiumsölt af sítrónusýru
- magnesiumglúkonat
- magnesiumglýserófosfat
- magnesiumsölt af ortófosfórsýru
- magnesiumlaktat
- magnesiumhýdroxíð
- magnesiumoxíð
- magnesiumsúlfat
- ferrókarbónat
- ferrósítrat
- ferríammoníumsítrat
- járnglúkonat
- ferrófúmarat
- ferrínatríumdífosfat
- ferrólaktat
- ferrósúlfat
- ferrídífosfat (ferrípírófosfat)
- ferrísakkarat
- járn (afoxað úr karbonýl, rafgreint eða vetnisafoxað)
- kúprikarbónat
- kúprísítrat
- kúpríglúkonat
- kúprísúlfat
- koparlýsínflóki

---

natriumjodíð	natriumglúkonat
natriumjodát	natriumlaktat
kalíumjodíð	natriumhýdroxíð
kalíumjodát	natriumsölt af ortófosfórsýru
sinkasetat	kalíumbíkarbónat
sinkklóríð	kalíumkarbónat
sinksítrat	kalíumklóríð
singlúkonat	kalíumsítrat
sinklaktat	kalíumglúkonat
sinkoxíð	kalíumglýserófosfat
sinkkarbónat	kalíumlaktat
sinksúlfat	kalíumhýdroxíð
mangankarbónat	kalsíumsölt af ortófosfórsýru
manganklóríð	natriumselenat
mangansítrat	natriumvetnisselenít
manganglúkonat	natriumselenít
manganglýserófosfat	króm(III)klóríð
mangansúlfat	króm(III)súlfat
natriumbíkarbónat	ammoniummólybdat (mólybden (VI))
natriumkarbónat	natriummólybdat (mólybden (VI))
natriumklóríð	kalíumflúoríð
natriumsítrat	natriumflúoríð

---